



FÉLAG ELÐRI BORGARA
Á AKUREYRI

3. stjórnarfundur EBAK 15. september 2021 kl. 15.30.

Mættir: Hallgrímur Gíslason, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Torfhildur Þorgeirsdóttir, Garðar Lárusson, Birgir Svavarsson, Eva B Magnúsdóttir, Friðrik Vagn Guðjónsson og Helga Eymundsdóttir.

Fjarverandi: Helgi Aðalsteinsson og Sigurður Harðarson.

1. **Fundarsetning.** kl. 15:32.

2 **Fundargerðir.** Fundargerð 2. stjórnarfundar borin upp og samþykkt.

3. **Viðvera.** Í Birtu Bugðusíðu 22. september Friðrik - 29. september Úlfhildur - 6. október Birgir - 13. október Úlfhildur. Í Sölkú Víðilundi 6. október Hallgrímur.

4. **Næsti stjórnarfundur EBAK.** Tillaga um 13. október. Samþykkt.

5. **Starfið:**

- i. EBAK leysti starfsmenn af í Birtu Bugðusíða 6.-15. september. Gekk vel.
- ii. Haustdagskrá félagsmiðstöðvanna er að fara af stað. Kynningafundur í Sölkú Víðilundi miðvikudaginn 15. september var vel sóttur og annar fundur verður í Birtu Bugðusíðu 16. september,
- iii. Spjaldtölvukynningar. Byrja sem allra fyrst.

6. **Heilsuefling.**

- i. Skriðsundnámskeið er að fara af stað.
- ii. Ringó. Kynning laugardaginn 18. september sem Friðrik Vagn og félagar hans frá Akranesi og Borgarnesi annast í íþróttahúsi MA og aftur á vegum Blaksambands Íslands 6. okóber kl. 12:30 -14:00.

7, **Þingkosningar.** Formannafundur LEB var haldinn 9. september á zoom. Úlfhildur tók þátt í fundinum fyrir hönd EBAK. Úlfhildur hefur heimsótt allar kosningaskrifstofurnar með áhersluatriði LEB.

8. **Sími á skrifstofu.** Flutningur á símtölum. Símtölum á skrifstofuna er nú beint í síma Torfhildar.

9. **Búfesti.** Könnun og miðrými. Með LEB blaðinu var dreift könnun um íbúðir aldraðra á vegum Búfestis á Jötunfellsreitnum, Í miðrými í þessum byggingum er reiknað með félagsaðstöðu aldraðra. Ásdís Árnadóttir hefur myndað hóp um byggingu íbúða fyrir aldraða. Vonir standa til að fá lóð sunnan við Jötunfellsreitinn. Þessi hópur gæti samnýtt þjónusturýmið í húsnæði Búfestis. Það þarf að ræða rekstur og aðkomu bæjarins.

10. Veftímaritið Lifðu núna. Erna Indriðadóttir hefur rekið vefritið Lifðu núna og LEB hefur áhuga á að taka við vefnum og gera að regnhlífarvef eldri borgarafélaga. Heimasíður aðildarfélagana væru undir síðunni. Ljóst að aðild að síðunni mun kosta eitthvað bæði rekstur og kaup á síðunni. Þarfnast frekari upplýsinga.

11. Félagaskrá ABLER. Boðið upp á félagaskrá frá ABLER. Beðið eftir frekari upplýsingum.

12. Fundur stjórnar og nefndaformanna. Halda fund með nefndum þriðjudaginn 28. september kl. 16:00. Ræða hvernig hægt er að stytta aðalfund.

13. Tiltekt á skrifstofu miðvikudaginn 22. september kl. 13:00.

14. Önnur mál.

- i. Spurst hefur verið um bækling frá LEB sem Guðrún Ágústsdóttir gerði um fráfall maka. Athuga hvort hægt er að útvega þennan bækling. Hallgrímur skoðar málið.
- ii. Það þarf að útvega stand fyrir bæklinga sem liggja frammi í félagsmiðstöðinni Birtu Bugðusíðu

15. Fundarslit kl. 17:25.

Garðar Lárusson ritaði fundargerð.